



MAT Á ÁHRIFUM LAGASETNINGAR*

– sbr. samþykkt ríkisstjórnar frá 10. mars 2017

*umfjöllun um einstök efnisatriði misjafnlega ítarleg, eftir umfangi máls og eðli

Málsheiti og nr.	Frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988 (fjármálaþjónusta o.fl.). Mál nr. 21 á þingmálaskrá fjármála- og efnahagsráðherra.
Ráðuneyti	Fjármála- og efnahagsráðuneytið; skrifstofa skattamála.
Stig mats	<input checked="" type="checkbox"/> Frummat, sbr. 1. gr. <input type="checkbox"/> Endanlegt mat, sbr. 10. gr.
Dags.	14. september 2020.

A. Greining og mat á fjárhagslegum áhrifaþáttum fyrir ríkið

1. Áætluð fjárhagsáhrif fyrir ríkið vegna helstu breytinga og ráðstafana sem felast í fyrirhugaðri lagasetningu, þar sem tilgreindir eru sérstaklega áhrifaþættir á fjárhag ríkissjóðs

Áform um lagasetningu eru eftirfarandi:

Í fyrsta lagi eru lagðar til breytingar á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, er varða undanþágu fjármálastarfsemi frá virðisaukaskatti, sjá nánar skjalið „áform um lagasetningu“. Gert er ráð fyrir að fyrirhugaðar breytingar leiði til aukins skýrleika fyrir fjármálastofnanir og aðila sem inna af hendi þjónustu til fjármálastofnanna. Ekki er gert ráð fyrir því að breytingin hafi í för með sér fjárhagsleg áhrif á ríkissjóð.

Í öðru lagi er áformað að leggja til framlengingu á ákvæðum til bráðabirgða XXXIII og XXXIV í lögum um virðisaukaskatt til og með 31. desember 2021, sjá nánar skjalið „áform um lagasetningu“. Gert er ráð fyrir því að áformin hafi neikvæð áhrif á skatttekjur ríkissjóðs sem gætu numið 9 ma.kr. samkvæmt frummati. Áhrifin eru tímabundin.

Í þriðja lagi er áformað að gerðar verði breytingar á ákvæði 4. mgr. 25. gr. virðisaukaskattslaga þar sem kveðið er á um endurgreiðslu innskatts. Gert er ráð fyrir að breytingarnar leiði til aukins skýrleika og bættrar skilvirkni í löggjöf og framkvæmd sem hafi jákvæð áhrif á tekjur ríkissjóðs af virðisaukaskatti.

Í fjórða lagi er gert ráð fyrir því að endurvekja ákvæði til bráðabirgða XXIX þess efnis að heimilt sé að fella tímabundið niður virðisaukaskatt við innflutning á lyfjum sem gefin eru ríkinu eða stofnunum þess til nota við meðferð sjúklunga á heilbrigðisstofnunum, þ.e. til og með 31. desember 2023. Þessi aðgerð hefur áhrif til lækkunar á tekjur ríkissjóðs, en í þeim tilvikum sem ella yrði ekki af innflutningi, eru tekjuáhrifin engin. Áhrifin eru tímabundin.

2. Tekjubreytingar

Beint tekjutap ríkissjóðs vegna framlengingar á ákvæðum XXXIII og XXXIV til bráðabirgða er lauslega áætlað 9 ma. kr. vegna framkvæmda á árinu 2021. Tekjutapið mun að miklu leyti koma fram á árinu 2021 en vegna sex ára frests sem gefinn er til að sækja um endurgreiðslu mun hluti tekjutapsins koma fram síðar. Lítil sem engin tekjuáhrif eru áætluð af upptöku ákvæðis til bráðabirgða XXIX í lögnum.

Útgjaldabreytingar

Ekki er gert ráð fyrir því að samþykkt frumvarpsins hafi útgjaldabreytingar í för með sér.

3. Eignabreytingar

Frumvarpið felur ekki í sér eignabreytingar fyrir ríkissjóð.

4. Aðrir áhrifaþættir varðandi ríkisfjármál

Engir aðrir áhrifaþættir ættu að koma til sögunnar vegna frumvarpsins.

B. Samræmi við útgjaldaramma og fimm ára fjármálaætlun – fjármögnun

1. Hefur verið gert ráð fyrir þeim fjárhagsáhrifum á málaflokk sem leiða kunna af samþykkt frumvarpsins:

- a) í gildandi fjárlögum – Á ekki við
- b) í fjárlagafrumvarpi komandi árs – Nei
- c) í fimm ára fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar – Nei

2. Hafi ekki þegar verið gert ráð fyrir útgjöldum við verkefni, hvernig er þá ætlunin að finna þeim stað innan útgjaldaramma málaflokks t.d. með tilfærslu fjármuna eða með því að draga úr öðrum útgjöldum?

Um er að ræða skattastyrk í formi tekjutaps sem kemur inn í fjármálaáætlun 2021-2025 og fjárlagafrumvarp 2021.

3. Tengist einhver ný eða aukin tekjuöflun verkefninu?

Nei.

C. Efnahagsáhrif – áhrif á atvinnulíf, vinnumarkað og samkeppni

1. Hagræn áhrif á heildareftirspurn og einstaka markaði – hagstjórnarsjónarmið

Áformin hafa þau áhrif að skýra betur skattalegt umhverfi fjármálastarfsemi að teknu tillit til virðisaukaskatts. Þá hafa áformin jafnframt þau áhrif að hvetja byggjendur, einstaklinga og opinberra aðila til byggingarframkvæmda o.fl. á árinu 2021 vegna framlengingar á 100% endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu manna við íbúðarhúsnæði, bílaviðgerðir, o.fl.

2. Áhrif á fyrirtækjaeftirlit og reglubyrði, hversu mörg fyrirtæki verða fyrir áhrifum og hvers konar fyrirtæki? Einföldun laga eða stjórnsýslu? Leitað umsagnar ráðgjafarnefndar um opinberar eftirlitsreglur? Sbr. lög nr. 27/1999.

Ekki er gert ráð fyrir því að áformin hafi áhrif á fyrirtækjaeftirlit og reglubyrði.

3. Samkeppnisskilyrði

Ekki er gert ráð fyrir áhrifum á samkeppnisskilyrði.

D. Önnur áhrif

1. Áhrif á fjárhag sveitarfélaga, sbr. 129. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011

Framlenging á 100% endurgreiðsluhlutfalli virðisaukaskatts af byggingu, viðhaldi eða endurbótum á á öðru húsnæði í eigu sveitarfélaga og félaga sem alfarið eru í eigu þeirra mun hafa jákvæð áhrif á fjárhag sveitarfélaga.

2. Áhrif á frelsi til að veita þjónustu (með eða án staðfestu á Íslandi)

Á ekki við.

3. Áhrif á tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu, sbr. lög nr. 57/2000

Á ekki við.

4. Áhrif á byggðalög

Framlenging á 100% endurgreiðsluhlutfalli virðisaukaskatts af byggingu, viðhaldi eða endurbótum á öðru húsnæði, mun hafa jákvæð áhrif á byggðalög.

5. Áhrif á frjáls félagasamtök

Á ekki við.

6. Áhrif á jafnrétti kynjanna

Á ekki við.

7. Áhrif á lýðheilsu

Á ekki við.

8. Áhrif á menntun, nýsköpun og rannsóknir

Á ekki við.

9. Áhrif á möguleika einstaklinga og fyrirtækja til að eiga samskipti þvert á norræn landamæri

Á ekki við.

10. Áhrif á stjórnsýslu, s.s. hvort ráðuneyti og stofnanir eru í stakk búin til að taka við verkefni

Fyrirhugað er frekara samráð við Skattinn og hagsmunaaðila. Gert er ráð fyrir því að drögin verði birt í samráðsgátt Stjórnvalda.

11. Áhrif á stöðu tiltekinna þjóðfélagshópa, s.s. aldurshópa, tekjuhópa, mismunandi fjölskyldugerðir, launþega/sjálfstætt starfandi/utan vinnumarkaðar

Frumvarpið hefur áhrif á

12. Áhrif á umhverfi og sjálfbæra þróun

Á ekki við.

E. Niðurstaða mats – með vísun í fylgiskjöl ef við á

1. Samandregin niðurstaða fjárhagsáhrifa fyrir ríkissjóð – heildarútkoma varðandi tekjur, gjöld, afkomu og efnahag

Áformin eru skv. frummati talin hafa neikvæð áhrif á skatttekjur ríkissjóðs sem nemur 9 ma.kr. Áhrifin vegna 100% endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna vinnu við íbúðarhúsnæði o.fl. koma að mestu fram á árinu 2021, en að hluta til síðar vegna langs frests sem gefinn er til að skila endurgreiðslubeiðni. Áhrifin eru tímabundin.

2. Önnur áhrif en bein fjárhagsáhrif, álitamál eða fyrirvarar sem ástæða þykir til að vekja athygli á

Ástæða er til að minna á að skattastyrkir í formi endurgreiðslna VSK af því tagi sem hér um ræðir hafa, auk hins beina tekjutaps í formi endurgreiðslu VSK, margvísleg bæði jákvæð og neikvæð áhrif á hvata sem snúa að skilvísi og möguleikum til undanskota í VSK-kerfinu. Almenn séð eru skattastyrkir frávik frá grunngerð skattkerfisins sem reglulega ber að endurmeta árangur af og þörf fyrir framlengingu.

3. Samfélagslegur ávinningur veginn á móti kostnaði og fyrirhöfn (ekki gerð krafa um tölulegt mat)

Skýrari löggjöf á sviði fjármálastarfsemi í lögum um virðisaukaskatt er til hagsbóta bæði fyrir almenning, fjármálafyrirtæki, stjórnvöld o.fl. Framlenging á 100% endurgreiðsluhlutfalli virðisaukaskatts stuðlar að auknum framkvæmdum, bæði hjá einstaklingum og opinberum aðilum sem örvar eftirspurn í hagkerfinu.

F. Til útfyllingar vegna endanlegs mats – breytingar frá frummati

1. Voru áform um lagasetninguna ásamt frummati á áhrifum kynnt fyrir FJR?

Já.

2. Eru helstu efnisatriði frumvarpsins óbreytt/lítið breytt frá þeim tíma?

Á ekki við.

3. Ef gerðar hafa verið breytingar umfram það, sbr. það frummat á áhrifum frumvarpsins sem áður var kynnt, hverjar eru þær og hver eru fjárhagsáhrifin?

Á ekki við.